



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2020

Efni: Beiðni um tímabundið frávik frá úthlutun tollkvóta
Tilv. 202004-0011

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og reglugerðar nr. 390/2019 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins, fara Bændasamtök Íslands þess á leit við ráðherra landbúnaðarmála og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að fallið verði frá útboði á tollkvótum í maí fyrir tímabilið júlí til desember 2020. Í því fælist jafnframt að umrætt magn flytjist ekki yfir á árið 2021.

Ástæður þess að Bændasamtökin óska eftir því að fallið verði frá úthlutun tollkvóta tímabundið eru fyrst og fremst áhrif COVID-19 faraldursins. Faraldurinn hefur þegar valdið og mun áfram valda gríðarlegri fækkun ferðamanna hér á landi. Stækkun tollkvótanna með samningi 2015 var ekki síst réttlætt með vaxandi fjölda ferðamanna sem innlend framleiðsla gæti ekki annað. Þær forsendur eru að engu orðnar núna. Verði tollkvótum nú úthlutað með óbreyttum hætti þegar eftirspurn er verulega minni en áður mun það grafa undan innlendri framleiðslu og mögulega veikja stoðir hennar verulega. Íslenskt atvinnulíf þarf ekki á því að halda í þeirri djúpu efnahagslægd sem landið er nú í.

Þá hefur verð á aðföngum hækkað til framleiðenda sem veldur því að þyngra reynist að halda matvælaframleiðslu í horfi við þær fordæmalausur aðstæður sem nú eru og á komandi mánuðum. Bændasamtökin telja óhjákvæmilegt að brugðist verði skjótt við með þeim aðgerðum sem mögulegar eru til að styðja við innlenda matvælaframleiðslu og tryggja fæðuöryggi.

Bændasamtökin óska eftir viðbrögðum við beiðni þessari sem allra fyrst.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Gunnar Þorgeirsson, formaður.



Samrit:

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarmálaráðherra.

Atvinnuveganefnd Alþingis